

Norðurþing
Gaukur Hjartarson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. febrúar 2013
Tilvísun: UST20130200002/bs

Dettifossvegur 862 - deiliskipulag. Umsögn

Vísað er til bréfs Norðurþings dags. 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag. Hér er um að ræða seinni áfanga Dettifossvegjar frá núverandi Dettifossafleggjara að Norðausturvegi, um 30 km að lengd ásamt tveimur vegtengingum að Hólmatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum samtals 4 km og þar að auki nokkur bílastæði og áningastaðir.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umrætt deiliskipulag:


Skeringar Umhverfisstofnun telur að tryggja þurfi að mótun skeringa á seinni áfanga Dettifossvegjar verði ekki með sama hætti og á syðri hluta vegarins. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á rit Helgu Aðalgeirsdóttur: **Frágangur og hönnun skeringa** sem Vegagerðin gaf út árið 2008. Stofnunin telur að leggja eigi tillögur Helgu í fyrnefndu riti til grundvallar hönnun skeringa við fyrirhugaðan Dettifossveg til að tryggja að skeringa verði felldar eins vel að öröskuðu landi og kostur er.


Girðingar Umhverfisstofnun telur að við val á girðingastæðum við fyrirhugaðan Dettifossveg eigi að leitast við að staðsetja girðingar á röskuðu landi. Ekki eigi slétt girðingastæði í grónu landi fjarri vegsvæði eins og gert var t.d. á Hófaskarðsleið í landi Brekku.

Uppgræðsla Umhverfisstofnun telur að vanda þurfi sérstaklega til uppgæðslu raskaðra svæða við Dettifossveg. Sem dæmi um hversu óheppilega getur tekist til skal bent á uppgæðslu náma og skeringa við núverandi Hringveg 1 norðan Búrfellshrauns milli Mývatns og Jökulsár. Þarna hefur verið skapað gróskumikið graslandi sem stingur í stúf við upprunalegan mólendisgróður. Stofnunin telur að við uppgæðslu vegsvæða við Dettifossveg eigi að taka mið af því að mjög langan tíma mun taka að endurheimta grenndargóður. Græða þarf upp röskuð svæði nægjanlega til að koma í veg fyrir vatns- og vindrof með gróðri sem í náinni framtíð líkist grenndargróðri sem mest og skapar jafnframt sem hagstæðust skilyrði fyrir landnámi grenndargróðurs.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdi við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Björn Stefánsson

Afrit: Kristján Kristjánsson, Vegagerðinni Borgartúni 7

